

Nd.

470. Breytingartillögur

[208. mál]

við frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

1. 1. gr. orðist svo:

1. mgr. 17. gr. laganna orðist svo:

Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í júnímánuði.

2. 2. gr. orðist svo:

18. gr. laganna orðist svo:

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir, sem

a. eru 18 ára að aldri þegar kosningar fara fram,

b. eru íslenskir ríkisborgarar,

c. eru ekki sviptir lögræði,

d. eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga nr. 35/1960 við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, þótt hann hafi tilkynnt flutning samkvæmt Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt erlendir ríkisborgarar, sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfelld miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar 2 vikur eru til kjördags.